

JAFNRÉTTIS- OG JAFNLAUNASTEFNA

Jafnréttisstefna Sæta Svínsins ehf kt. 531015-3040 er að allir starfsmenn Sæta Svínsins og dótturfélaga njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að enginn ómálefnanlegur launamunur sé til staðar. Sæta Svínið greiðir laun sem taka mið af þeim kröfum sem störf útheimta um menntun, þekkingu, hæfni og ábyrgð. Stöðugt er unnið að því að útrýma óútskýrðum kynbundnum launamun.

Með jöfnum kjörum er átt við að laun séu ákveðin óháð kyni. Þau viðmið sem lögð eru til launaákvörðunum til grundvallar skulu ekki fela í sér kynjasmun. Laun eru í 9. tölul. 2.gr. jafnréttis laga nr. 150/2020 skilgreind sem almennt endurgjald fyrir störf og hvers konar þóknun, bein eða óbein, hvort heldur er með hlunnindagreiðslum eða með öðrum hætti sem atvinnurekandi greiðir starfsmanni sínum fyrir vinnu hans. Jafnlaunastefna er jafnframt launastefna félagsins.

Jafnlaunastefna félagsins leggur áherslu á hvernig félagið gætir jafnréttis í ákvörðunum er snúa að launum og að starfsfólk hafi jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Til að fylgja eftir jafnlaunastefnu félagsins skuldbindur Sæta Svínið sig til að:

- Setja fram og rýna jafnlaunamarkmið árlega.
- Greiða laun og hlunnindi í samræmi við hæfnikröfur starfa, ábyrgð og árangur.
- Jafnlaunaviðmið séu málefnanleg og feli ekki í sér beina né óbeina mismun.
- Bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Árlega fari fram launagreining þar sem borin eru saman jafn verðmæt störf, innri úttekt og rýni stjórnenda.
- Fylgja lagalegum kröfum og öðrum kröfum sem í gildi eru á hverjum tíma og hafa áhrif á jafnlaunakerfið og staðfesta árlega að þeim sé hlítt.
- Kynna stefnuna árlega fyrir starfsmönnum fyrirtækisins auk þessa að hún sé aðgengileg á ytri vef þess.

Jafnlaunastefna Sæta Svínsins er órjúfanlegur hluti af launastefnu félagsins og er rýnd eftir þörfum.